



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 4. júní 2024
2403276/103.02 JBG

Efni: Tillaga að afgreiðslu

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2007 reglur um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Á grundvelli reglnanna var auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2024.

Lionsklúbburinn Ýr lagði fram umsókn um styrk vegna greiðslu fasteignaskatts fyrir árin 2023 og 2024. Lagt er til að styrkumsókn til greiðslu fasteignaskatts að upphæð kr. 412.510,- verði samþykkt enda fellur starfsemi félagsins að reglum Kópavogsbæjar um styrkveitingar.

Virðingarfyllt,

Jón Bragi Gíslason
Aðstoðarmaður lögmanna